



Erindi til bæjarráðs Akraness

*Erindið sent með tölvupósti*

*á netfangið [bajarstjori@akranes.is](mailto:bajarstjori@akranes.is) & [steinara@akranes.is](mailto:steinara@akranes.is)*

Akranesi, 23.09.2021  
2105198 SAS

**Efni: Viðburðahald og fjárveiting.**

Á fundi menningar- og safnanefndar, sem haldinn var þann 21. september síðastliðinn, var umræða um árlegt viðburðahald á Akranesi sem og einnig fjárveitingu til þeirra. Nefndin fól undirritaðri að koma eftirfarandi á framfæri til bæjarráðs vegna fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2022.

Fjárveiting til viðburðahalds árið 2021 er samtals kr. 19.130.924. Í starfsáætlun menningar- og safnanefndar þegar kemur að viðburðarhaldi er lagt uppi með að halda eftirtalda viðburði árlega; þrettándagleði, sjómannadaginn, þjóðhátíðardaginn, Írskra daga, Vökudaga ásamt jólaskemmtun annars vegar á Akratorgi og hins vegar í Garðalundi. Stærstu viðburðirnir m.t.t. fjárveitingar eru Írskir dagar og Jól í Garðalundi.

Nefndin telur vera áhyggjuefni hversu takmarkað fé fer til árlegs viðburðahalds, sérstaklega í ljósi þess að síðustu ár hefur verið ráðinn verktaki yfir þessum stærstu viðburðum á vegum Akraneskaupstaðar og kostnaður vegna slíks tekinn af árlegu viðburðahaldi. Ástæður þess er að bæði fráfarandi forstöðumaður menningar- og safnamála sem og skrifstofustjóri hafa ekki séð sig fært um að sinna þessu verkefni í sínu starfi sökum verkefnaálags þar sem eðli viðburðahalds krefst mikils undirbúnings og skipulagningu og kallar á 100% einbeitingu eins starfsmanns. Bæði störfín hafa ekki boðið upp á slíkt síðustu ár. Greiðslur til verktakans hafa að öllu jöfnu verið teknar af fjárveitingu til viðburðarhalds, enda ekki annað í stöðunni. Síðustu þrjú ár hafa verið svohljóðandi:

- Árið 2019 voru verktakagreiðslur samtals kr. 3.000.000 fyrir skipulagningu vetrardaga, sjómannadags, 17. júní, Írskra daga og Vökudaga. Greiðslurnar voru gjaldfærðar undir



skrifstofu menningar- og safnamála nr. 05020 þar sem tímabundið svigrúm var til staðar vegna tilfærslu launa forstöðumanns.

- Árið 2020 voru verktakagreiðslur samtals kr. 1.650.000 fyrir skipulagningu sjómannadags, 17. júní og Írskra daga. Tekið af viðburðarfé. Vakin er athygli á því að umfang viðburða var lítið vegna covid-19 og fjöldatakmarkana sem þá ríku. Eðli málsins samkvæmt var því vinna verktaka minni.
- Árið 2021 voru verktakagreiðslur kr. 2.500.000 fyrir skipulagningu sjómannadags, 17. júní, Írskra daga og Vökudaga. Tekið af viðburðarfé.

Nefndin leggur til við bæjarráð í samræmi við ofangreinda umfjöllun að skynsamlegt væri að áætla sérstaklega fjármagn til aðkeypra þjónustu í viðburðahaldi, nefndin telur að ef það er ekki fyrir hendi að þá verði að hugsa árlegt viðburðarhald öðruvísi og með breyttum áherslum, þar sem viðburðum myndi fækka. Á það við t.d. um sjómannadaginn og jólaskemmtun á Akratorgi. Ásættanleg viðbót væri um samtals kr. 3.000.000. Þannig að vel væri hægt að standa að viðburðum og skipulagningu þeirra. Fjárveitingin væri færð undir 05020 skrifstofa menningar- og safnamála.

Annað í stöðunni væri að skoða möguleikann að ráða inn viðburðarstjóra sem færi einnig með aukið hlutverk í markaðs- og ferðamálum hjá Akraneskaupstað. Slíkt myndi gefast vel og væri hægt að samtvinnna þannig starf með öðrum stofnunum eins og söfnum, upplýsingamiðstöð, vita og Guðlaugu ásamt almennri markaðskynningu á sveitarfélaginu. Hagræðing á öðrum stöðum á móti gæti hjálpað við slíka ráðningu. Ljóst er að slík ráðning er talsvert kostnaðarsamari en mögulega er það betri valkostur til lengri tíma lítið.

Fyrir hönd menningar- og safnanefndar,

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir  
skrifstofustjóri